

**Fundargerð 38. fundar  
bæjarráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
11. desember 2019 , kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

**Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir**, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

**1. Rekstraryfirlit 2019 - 1908012**

Rekstraryfirlit janúar-nóvember 2019.

Elísabet Þórarinsdóttir fjármálastjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlið og fór yfir rekstraryfirlit.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**2. Átak til að fjölga leikskólakennurum í Suðurnesjabæ - 1911026**

Á 19. fundi bæjarstjórnar var 12. máli frá fundi fræðsluráðs dags 19. nóvember vísað til bæjarráðs til frekari umfjöllunar.

Guðrún B Sigurðardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Kristín Helgadóttir deildarstjóri fræðsludeildar sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram og vísað til frekari vinnslu hjá fjölskyldusviði og stjórnsýslusviði.*

**3. Erindi - kirkjuheimsóknir nemenda - 1911087**

Erindi frá safnaðarnefnd Útskálasóknar, dags. 25. nóvember 2019 og erindi frá Kvenfélaginu Gefn (ódagsett). Í erindunum er harmað að aðventuheimsóknir nemenda í Gerðaskóla til Útskálakirkju í aðdraganda jóla hafi verið lagðar af.

Guðrún B Sigurðardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Kristín Helgadóttir deildarstjóri fræðsludeildar sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarráð bendir á að bæjarstjórn hafi ekki mótað stefnu varðandi heimsóknir nemenda grunnskóla í kirkju í aðdraganda jóla og erindunum vísað til fræðsluráðs til umræðu.*

**4. Lög og reglugerðir til umsagnar - 1902075**

a)391. mál frá nefndarsviði Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum, forsendur úthlutana úr Jöfnunarsjóði.

b)434. og 435. mál frá nefndarsviði Alþingis um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024.

*Afgreiðsla:*

*Mál a) lagt fram, máli b) frestað.*

**5. Hollvinafélag Unu Guðmundsdóttur - 1905020**

Sjólýst, horft til framtíðar erindi dags. 02.12.2019.

Í erindinu er m.a. lagt til að skipaður verði starfshópur til að vinna að endurnýjun samstarfssamnings milli Suðurnesjabæjar og hollvinafélagsins og móta framtíðarsýn um húsið Sjólýst og starfsemi þar.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að fela formanni bæjarráðs og bæjarstjóra að eiga fund með fulltrúum hollvinafélagsins um erindið.*

**6. Flugvallakostir á suðvesturhorni landsins - skýrsla - 1912008**

Skýrsla um flugvallakosti á suðvesturhorni landsins (tekin af vef stjórnarráðsins).

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**7. Sandgerðishöfn - framkvæmdir og starfsemi hafnarinnar - 1812031**

Minnisblað frá hafnarstjóra vegna hafnarvogar.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að veita heimild til að leita tilboða í nýja hafnarvog.*

**8. Ferskir vindar - Alþjóðleg listahátíð - 1810021**

Minnisblað frá bæjarstjóra og sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs um listahátíðina Ferska vinda sem fara fram í Suðurnesjabæ í desember 2019 og fram í janúar 2020.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**9. Viðurkenningar - 1812040**

Minnisblað um viðurkenningar vegna jólaskeytinga í Suðurnesjabæ fyrir jólin 2019.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að fram fari val á ljóshúsi og jólahúsi Suðurnesjabæjar. Íbúum verði boðið að senda tilnefningar og dómnefnd annast val og veitir verðlaun. Samþykkt að Raket Ósk Eckard, Jón Ragnar Ástþórsson og Einar Friðrik Brynjarsson, verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði skipi dómnefnd árið 2019. Samþykkt að vísa vali á viðurekenningum jólahúsa frá og með árinu 2020 til Ferða-, safna- og menningarráðs.*

**10. Stýrihópur um uppbyggingu nýs leikskóla í Suðurnesjabæ - 1912012**

Fundargerð 2. fundar stýrihóps dags. 03.12.2019.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**11. Öldungaráð Suðurnesja-fundargerðir 2019 - 1901053**

Fundur stjórnar dags. 11.11.2019.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram og vísað til öldungaráðs Suðurnesjabæjar.*

38. fundur bæjarráðs  
12.12.2019

Fundi slitið kl. 17:50.

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

---

Magnús Sigfús Magnússon

---

Daði Bergþórsson

---

Magnús Stefánsson

---

Bergný Jóna Sævarsdóttir

---

---